

Bjargráðasjóður

Ársreikningur 2023

Bjargráðasjóður
Hlíðasmára 14
201 Kópavogi
kt. 460169-6669

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar.....	10
Sundurliðanir.....	12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bjargráðasjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda frh.


- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Garðabæ, 12. febrúar 2024
Endurskoðun og ráðgjöf ehf.



Sindri Freyr Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Stjórn Bjargráðasjóðs er frá september 2022 skipuð eftirtöldum einstaklingum til fjögurra ára, Sigurður Eyþórsson, formaður, Guðrún Eik Skúladóttir og Jóhannes Sigfússon.

Rekstur ársins 2023

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu nam 45,5 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 279,3 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Þeir fjármunir Bjargráðasjóðs sem ekki hefur verið ráðstafað til reksturs og styrkveitinga eru í eignastýringu hjá Landsbankanum, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Rekstur og umsýsla sjóðsins er hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ) frá 1. mars 2022 samkvæmt samningi þar um. Innleiðing samningsins og nauðsynleg endurskoðun verkferla stóð yfir fram á árið 2023 og er enn til endurskoðunar eftir því sem þörf krefur. Umsýslu- og rekstrarkostnaður lækkaði um meira en helming á milli ára vegna þess að meginverkefnum við innleiðinguna er lokið.

Samningur var gerður um verkefnið og nemur greiðsla skv. honum 15 milljónum króna fyrir fyrsta árið en ríflega 3,5 milljónir eftir það. Að auki er greitt sérstaklega fyrir umfangsmikil verkefni sem umsýsluaðila kunna að verða falin af hálfu stjórnar, s.s. vegna mats á tjónum í tengslum við styrkveitingar.

Styrkgreiðslur á árinu 2023

Á árinu 2021 varð stórtjón vegna skriðufalla í Út-Kinn í Þingeyjarsýslu. Bjargráðasjóði var falið að annast umsýslu og útgreiðslur styrkja vegna þess atburðar og vinnu við það er ekki lokið enn, en sérstakar fjárheimildir voru samþykktar vegna málsins.

Samþykktir styrkir á árið 2023 voru tæpar 41 milljón króna. Meirihluti þeirra, eða 55% var vegna tjóna á girðingum. Afgangurinn var vegna tjóns af skriðuföllum auk endurræktunar og hreinsunar. Umrædd girðingatjón urðu einkum vegna snjóþynsla.

Stjórnin hefur einnig unnið að verkefni sem henni var falið af matvælaráðherra sem er að skoða og útfæra niðurstöður starfshóps um tryggingamál bænda skv. skýrslu þar um. Þeirri vinnu hefur miðað vel en er ekki lokið.

Breytingar á reikningsskilastöðlum

Á árinu 2022 varð sú breyting á flokkun Bjargráðasjóðs sem ríkisstofnunar að hún hefur verið færð í A-hluta ríkisreiknings og því er gerð krafa til þess að reikningsskilin séu í samræmi við IPSAS reikningsskilastaðla eins og aðrar ríkisstofnanir. Þetta er því annar ársreikningurinn sem gefinn er út í samræmi við IPSAS reikningsskilastaðlana.

Skýrsla stjórnar frh.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2023, efnahag 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Kópavogi, 12. febrúar 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs.....		79.914.810	64.515.635
Rekstrartekjur alls		79.914.810	64.515.635
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur.....		1.511.289	935.742
Vaxtagjöld.....		0	(1.645)
Fjármagnstekjuskattur.....		(337.083)	(205.816)
Gangvirðisbreyting verðbréfa.....	5	15.103.471	726.949
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls		16.277.677	1.455.230
Samtals		96.192.487	65.970.865
Styrkveitingar			
Veittir styrkir vegna tjóna.....		40.967.123	29.996.215
Styrkveitingar alls		40.967.123	29.996.215
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	3	1.158.901	1.373.284
Annar rekstrarkostnaður.....		8.540.624	18.917.696
Rekstrargjöld alls		9.699.525	20.290.980
Samtals		50.666.648	50.287.195
Afkoma ársins		<u>45.525.839</u>	<u>15.683.670</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr	2023	2022
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Skuldabréfasjóður hjá Landsbanka Íslands	5	217.035.095	202.313.730
Áhættufjármunir og langtímakröfur alls		<u>217.035.095</u>	<u>202.313.730</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur - Ríkissjóður Íslands		30.000.000	30.000.000
Handbært fé		42.410.038	35.588.920
Veltufjármunir alls		<u>72.410.038</u>	<u>65.588.920</u>
Eignir samtals		<u>289.445.133</u>	<u>267.902.650</u>

Eigið fé og skuldir	Skýr	2023	2022
Eigið fé			
Eigið fé frá fyrra ári	4	233.771.068	218.087.398
Framlög umfram ráðstöfun ársins		45.525.839	15.683.670
Eigið fé alls		<u>279.296.907</u>	<u>233.771.068</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		0	110.484
Ógreiddir styrkir vegna tjóna		8.939.150	33.784.365
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.209.076	236.733
Skammtímaskuldir alls		<u>10.148.226</u>	<u>34.131.582</u>
Skuldir samtals		10.148.226	34.131.582
Eigið fé og skuldbindingar samtals		<u>289.445.133</u>	<u>267.902.650</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		45.525.839	15.683.670
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfa	5	(15.103.471)	(726.949)
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði verðbréfa	5	382.106	371.218
		<u>30.804.474</u>	<u>15.327.939</u>
Hreint veltufé frá rekstri			
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		<u>0</u>	<u>(30.000.000)</u>
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>(23.983.356)</u>	<u>25.951.256</u>
		<u>(23.983.356)</u>	<u>(4.048.744)</u>
		<u>6.821.118</u>	<u>11.279.195</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>6.821.118</u>	<u>11.279.195</u>
Breyting á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun tímabils		<u>35.588.920</u>	<u>24.309.725</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>42.410.038</u></u>	<u><u>35.588.920</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði. Lögheimili sjóðsins er að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum en verðbréf eru færð á gangvirði í árslok. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og upphæðir settar fram í heilum krónum. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila voru teknir upp af sjóðnum frá og með 1.1.2022.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Framlög frá ríkissjóði eru metin á gangvirði móttækis endurgjalds. Framlög eru færð í rekstrarreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að sjóðurinn muni uppfylla þau skilyrði sem þeim eru bundin og að greiðslur muni berast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvíska er um innheimtu þeirra.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjuskattur, vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Veittir styrkir vegna tjóna

Veittir styrkir vegna tjóna eru færðir í rekstrarreikning þegar þeir hafa verið samþykktir af stjórn sjóðsins, hægt er að meta þá með áreiðanlegum hætti og verulegar líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi. Til staðar er ávallt einhver óvíska um hvort greiðsla styrkja muni fara fram enda þurfa styrkumsækjendur að uppfylla ákveðin skilyrði svo greiðsla geti farið fram.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Viðskiptakröfur

Kröfur á Ríkissjóð Íslands eru færðar í efnahagsreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að sjóðurinn muni uppfylla þau skilyrði sem framlögnum eru bundin og að greiðslur muni berast.

Skýringar

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	979.832	1.165.000
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	179.069	208.284
	<u>1.158.901</u>	<u>1.373.284</u>

Fjöldi ársverka á árinu var 0,1 sama og á fyrra ári. Öll laun ársins eru til stjórnar.

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 2022

	Eigið fé	Samtals
Staða 1.1	218.087.398	218.087.398
Framlög umfram ráðstöfun ársins	15.683.670	15.683.670
Staða 31.12	<u>233.771.068</u>	<u>233.771.068</u>

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 2023

	Eigið fé	Samtals
Staða 1.1	233.771.068	233.771.068
Framlög umfram ráðstöfun ársins	45.525.839	45.525.839
Staða 31.12	<u>279.296.907</u>	<u>279.296.907</u>

5. Áhættufjármunir og langtímakröfur

Verðbréfaeign og eign í verðbréfasjóðum er færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í árslok.

Gangvirðisútreikningar á verðbréfaeign miðast við fyrsta stig sbr. IPSAS 30. Notuð eru verð á virkum mörkuðum til mats á gangvirði verðbréfaeignarinnar.

Áhættufjármunir og langtímakröfur greinast þannig:	2023	2022
Staða 1.1.	202.313.730	201.957.999
Gangvirðisbreyting ársins í gegnum rekstur	15.103.471	726.949
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði	(382.106)	(371.218)
Staða 31.12.	<u>217.035.095</u>	<u>202.313.730</u>

6. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á vöxtum hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markaðsáhætta í fjárfestingum er takmörkuð með fjárfestingarstefnu.

7. Önnur mál

Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur umsjón með rekstri sjóðsins í umboði stjórnarinnar. Báðir aðilar hafa undirritað samning þess efnis og hann hefur verið staðfestur af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Umsjón NTÍ með rekstri sjóðsins hófst á árinu 2022.

Sundurliðanir

Rekstrargjöld	2023	2022
Rekstrargjöld greinast þannig:		
Veittir styrkir vegna tjóna		
Veittir styrkir vegna sjávarflóða, þurrka, vatnavaxta og aurflóða	0	4.908.780
Veittir styrkir vegna girðinga	22.673.063	535.800
Veittir styrkir vegna skriðufalla	17.261.091	24.551.635
Veittir styrkir vegna endurræktunar og hreinsunar	1.032.969	0
	<u>40.967.123</u>	<u>29.996.215</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun, stjórn	979.832	1.165.000
Launatengd gjöld	179.069	208.284
	<u>1.158.901</u>	<u>1.373.284</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Aðkeyptur akstur	0	13.760
Ferðakostnaður	278.384	159.400
Reikningsleg aðstoð	1.620.297	1.029.967
Funda og viðskiptakostnaður	20.930	23.908
Aðkeypt vinna vegna tjónamats	2.532.262	96.720
Hugbúnaðarleyfisgjöld	145.825	106.129
Umsýsluþóknanir	3.942.073	17.456.074
Auglýsingar	0	30.988
Annar skrifstofukostnaður	853	750
	<u>8.540.624</u>	<u>18.917.696</u>